

Mál nr. 143/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. mars 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. mars 2023 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Hafi atvik verið þau að bifreiðinni A var ekið á B en M var farþegi í þeirri síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á umræddum árekstri. Hinn 29. mars 2023 hafi M leitað til læknis vegna verkja í hálsi, herðum og brjósthrygg. Hafi hún þá leitað reglulega til læknis og sjúkraþjálfara vegna afleiðinga slyssins. Með bréfi dags. 28. ágúst 2023 hafi V hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M á grundvelli þess að umrætt atvik hafi ekki verið til þess fallið að valda líkamstjóni en litlar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum. Þá sé vísað til þess að M hafi átt við stoðkerfisvanda að stríða vegna umferðarslyss í desember 2017 og hafi nánast verið óvinnufær síðan. M telur röksemdir V ekki standast skoðun, um hlutlæga ábyrgðarreglu sé að ræða og geti tjónamat á B ekki sagt fyrir um það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Þá hafi vissulega orðið skemmdir á bifreiðunum og barnabílstóll í B hafi skemmst og verið bættur af hálfu V. Þá sé um ný einkenni M að ræða, en einkenni hennar eftir slysið 2017 hafi verið önnur, þ.e. aðallega bakverkir, en eftir slysið 2023 hafi hún aðallega verið með verki ofar í baki/hálsi/herðum. Jafnvel þó árekstur sé vægur sé þá ekki útilokað að hann leiði til líkamstjóns, en mat á því sé í höndum óvilhallra matsmanna en ekki V. Í tilviki M liggi þá fyrir að hún hafi lýst einkennum sínum skömmu eftir slysið og hafi síðan gengið á milli meðferðaraðila vegna ástands síns. Fari M því fram á úrskurð um fulla bótaskyldu.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar segir að höggið á B hafi verið afar vægt. Lágmarks plastviðgerð á brettakanti og málningarvinna hafi farið fram vegna tjónsins á B. Í fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum komi þá fram að M hafi lent í árekstri hinn 24. desember 2017. Eftir það hafi hún verið með verki í baki, upp í höfuð, í hnakka, í hægri hné og bjúg í hægri fæti. Einnig komi fram að hinn 26. apríl 2022 hafi M fallið niður stiga og að afleiðingar þess séu verkir í baki og leiðniverkir niður í fót og upp í herðablöð. Þá hafi M verið greind með brjóslos í baki. Við komu M til læknis 29. mars 2023 sé þá skráð í sjúkrasskrá: „Hún fékk áverka á háls og brjóstshrygg. Búin að fara til sjúkraþjálfara, verið áður vegna baks, fyrri slys. Einnig áður hálsverkir fyrir nokkrum árum.“ Í ljósi þessa og þess hve vægur áreksturinn var sé því þörf á frekari læknisfræðilegum gögnum til að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M reki til þess. Meginreglur í skaðabóta- og vátryggingarétti geri ráð fyrir að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Hafi slík sönnun ekki tekist og verði M að bera hallann af því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 16. mars 2023. Af fyrirbyggjandi lýsingu má ráða að B hafi verið kyrrstæð á bílplani þegar A var ekið aftur á bak og á B. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum má ráða að eitthvert tjón hafi orðið á afturstuðara A og hægri bakhlið B. Þó tjónið sé ekki umfangsmikið verður ekki fullyrt af því að ekkert líkamstjón hafi getað komið til án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins, einkum læknisfræðilegra, enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Fyrirbyggjandi er læknisvottorð heimilislæknis dags. 24. ágúst 2023. Ber það með sér að vera samantekt skráninga úr sjúkraskrá allt frá árinu 2018. Þá er fyrirbyggjandi sjúkraskrá M frá 1. ágúst 2023 til 23. janúar 2024. Einnig liggur fyrir beiðni um sjúkraþjálfun dags. 29. mars 2023 þar sem kemur að M hafi frá árekstrinum 16. mars sama ár verið með verki í hálsi og herðum, einnig í

brjósthrygg og versnun einkenna frá mjóhrygg. Þá segir þar að M eigi fyrri sögu um áverka á bak og háls.

Af framangreindum gögnum má ráða að M hafi hinn 24. desember 2017 lent í árekstri og þegar hún leitaði til læknis hinn 8. janúar 2018 var hún með einkenni frá hægri olnboga, hægri hné, hálsi og mjóbaki. Kemur þá fram í sjúkraskrá að M hafi verið slæm af verkjum í baki og hálsi í kjölfar árekstursins og sótt sjúkrahjálfun vegna þess en ráða má af sjúkraskrá að einkenni hafi verið viðvarandi. Þá kemur fram í sjúkraskrá að M hafi orðið fyrir öðru slysi hinn 30. apríl 2022 er hún féll niður stiga og lenti á rófubeini. Lýsti hún eftir það verkjum í mjóbaki með leiðni niður í hægri fótlegg. Hinn 6. júlí 2022 var M þá greind með brjósklos í baki. Verður ekki annað fullyrt af gögnum málsins en að M hafi enn verið til meðferðar sjúkrahjálfa í mars 2023.

Hinn 29. mars 2023 leitaði M á heilsugæslu vegna einkenna sem hún rakti til þess áreksturs sem hér er til umfjöllunar. Sagðist hún þá hafa fengið áverka á háls og brjósthrygg og lýsti einkennum frá hálsi, herðum og brjósthrygg. Við komu til læknis 28. júlí 2023 lýsti M þá slæmum verkjum í hálsi með leiðni í bak og handlegg, auk verkja frá brjósthrygg og lendhrygg og mígrenilíkum höfuðverk. Má ráða af sjúkraskrá að einkenni hennar hafi ekki látið undan þrátt fyrir meðferð sjúkrahjálfa. Þá virðast myndgreiningar ekki hafa leitt í ljós sjúklegar breytingar eða beináverka.

Af framangreindu má ráða að M hafi átt við nokkuð umfangsmikil og samfelld stoðkerfiseinkenni að stríða árum saman fyrir þann árekstur sem hér er til skoðunar. Slíkt útilokar vitaskuld ekki að einstaklingar geti orðið fyrir líkamstjóni og fundið fyrir nýjum einkennum eða versnun fyrri einkenna vegna slyss. Hins vegar hvílir það á tjónþola að sýna fram á það með gögnum að líkamstjón hafi hlotist af tilgreindu atviki. Eins og áður er rakið eru í raun einu læknisfræðilegu gögnin fyrir nefndinni útskrift úr sjúkraskrá M. Ekki liggur fyrir sérstakt læknisvottorð er fjalli um með hvaða hætti einkenni M hafi breyst eða aukist við áreksturinn. Þrátt fyrir að M virðist hafa sótt meðferð hjá sjúkrahjálfa liggja engin frekari gögn, svo sem skýrsla sjúkrahjálfa, fyrir um þá meðferð. Þá kemur fram í gögnum málsins að M hafi verið metin til örorku vegna afleiðinga slyssins 24. desember 2017 en sú matsgerð er ekki meðal gagna fyrir nefndinni. Í ljósi þessa og þar sem núverandi einkennum M eins og þeim er lýst í sjúkraskrá virðist svipa til þeirra einkenna sem hún hafði áður verður að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Verður hún að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir